



# Verðlaunamyndirnar 2011



## Dómnefnd:

Thomas Borberg, myndritstjóri Politiken  
Anna Fjóra Gísladóttir ljósmyndari  
Ásdís Ásgeirsdóttir ljósmyndari  
Friðbjófur Helgason ljósmyndari  
Þorvaldur Örn Kristmundsson ljósmyndari

## Mynd ársins og fréttamynd ársins



Ljósmyndari:  
Daniel Rúnarsson



## Umsögn dómnefndar:

Fréttamynd ársins sýnir alþingismann falla í jörðina eftir eggjakast áhorfanda. Aðrir þingmenn bregðast skjótt við og er myndin afar góð ljósmynd af fréttæmum atburði. Hún sýnir okkur ef til vill hvar þjóðin er stödd eftir hrúnið þar sem reiði og biturð almennings í garð stjórnámálmanna er enn til staðar, og þá staðreynd að við þurfum enn her lögreglu til að gæta öryggis fyrir utan Alþingi.

## Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:  
Kristinn Magnússon



### Álit dómnefndar:

Íþróttamynd ársins er óvenjuleg í ár og sýnir frosið augnablik fimleikastúlku. Myndin er vel uppbyggð og svartur bakgrunnur dregur enn frekar fram tignarlega stellingu augnabliksins.

## Daglegt líf



Ljósmyndari:  
Eyþór Árnason.




### Álit dómnefndar:

Verðlaunamyndin í flokki daglegs lífs veitir okkur innsýn í fallega sögu um dreng sem bjargaði fugli og fóstraði hann til heilsu. Einlægt augnarád drengsins blasir við og umhyggja fyrir fuglinum er ljós. Birtan sem kemur inn um gluggann gefur myndinni dramatískan blæ þar sem ljós og myrkur spila saman.



## Tímaritamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
*Kristinn Magnússon*



### Álit dómnefndar:

Tímaritamynd ársins er frumleg og skemmtileg. Hún er vel upp byggð, ljós og skuggar notaðir á fallegan hátt og litirnir flottir.

## Portrettmynd ársins



### Álit dómnefndar:

Portrettmynd ársins er skemmtileg og vel uppbyggð og dregur fram bros hjá áhorfandanum. Umhverfið er sérlega íslenskt og stoltið skín úr andliti mannsins.



**Ljósmyndari:**  
*Rakel Ósk Sigurðardóttir*



## Umhverfismynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Eyþór Árnason



### Álit dómnefndar:

Umhverfismynd ársins sýnir fegurðina í grámyglunni. Einmana fellihýsi stendur yfirgefið í gróðurlausri íslenskri sveit þar sem aska virðist hafa litað allt í gráu. Myndin gefur raunsæja mynd af íslensku umhverfi og er laus við alla væmni.

## Fréttamynd ársins




**Ljósmyndari:**  
Daníel Rúnarsson



### Álit dómnefndar:

Mynd ársins er sú sama og fréttamynd ársins.

## Myndröð ársins



Ljósmyndari:  
Kjartan Þorbjörnsson

### Álit dómnefndar:

Myndröð ársins sýnir baráttu ungs drengs og fjölskyldu hans við hvítblæði. Myndröðin er sérlega sterk og sýnir allt litróf tilfinninga; sorg, gleði, áhyggjur, von, umhyggju og ást. Hér hefur ljósmyndarinn náð á nærgætinn hátt að komast nálægt viðfangsefninu og sýnir hér myndröð sem hreyfir við áhorfandanum.